



17. júní hátíð 2011



Kl. 08:00 **Fánar dregnir að húni - allir fánar á loft!**

Kl. 10:00 **17. júní hlaupið** fer fram á Íþróttavellinum á Dalvík í umsjón frjálsíþróttadeildar UMFS. Skráning á staðnum fyrir hlaup og verðlaunaafhending að hlaupi loknu.

Kl. 11:30 **Andlitsmálning í andyri íþróttamiðstöðvar** – ókeypis andlitsmálning fyrir krakka - allir verða tilbúnir fyrir fyrir skróðgönguna og átök dagsins!

Byggðasafnið Hvoll verður opið frá kl. 11:00 - kl. 18:00.

Kl. 13:30 **Skrúðganga** leggur af stað frá Íþróttamiðstöð að Dalvíkurkirkju í fylgd Slökkviliðs Dalvíkur. Þátttakendur eru beðnir um að mæta tímanlega og taka með sér fána, veifur, lúðra og hrossabresti!

Kl. 14:00 **Hátíðarstund í Dalvíkurkirkju**

Ávarp fjallkonunnar

Hátíðarræða dagsins

Tónlistaratriði

Hátíðarkaffi - frjálsíþróttafólk í UMFS selur hátíðarkaffi í safnaðarheimili Dalvíkurkirkju að lokinni hátíðarstund. Verð 13 ára og eldri 1.300 kr, börn 6 - 12 ára 700 kr.

Kl. 14:45 **Karamellurigning** - Elvar Antonsson dreifir góðgæti af himni ofan í kirkjubrekkuna. Við biðjum foreldra að gæta þess að eldri börn fari varlega og hlaupi ekki þau yngri niður í baráttu um karamellurnar - það er nóg handa öllum!

Kl. 15:00 **Slökkviliðið** sýnir bíla við kirkjuna og býður börnum og foreldrum í ökuferð um bæinn.



Hestamennska - Sveinbjörn Hjörleifsson og aðstoðarmenn hans teyma hesta undir börnum við kirkju að lokinni hátíðarstund.

Leiktæki í umsjón Björgunarsveitarinnar í kirkjubrekkunni. Vatnsrennibrautin góða á sínum stað, þrautabraut/hjólarallí verður á staðnum og nú bjóðum við líka upp á nýtt atriði sem er sápuþóttbolti. Þeir sem ætla í rennibrautina og sápuboltann mæti í fötum sem mega blotna og hjólréiðamenn á hjólum.

Kl. 15:00 **Sýning á verkum Brimars Sigurjónssonar** opnar í Bergi menningarhúsi. Sýningin ber heitið "Undir erlendum áhrifum". Sigríður Gunnarsdóttir listfræðingur verður með leiðsögn um sýninguna og skýrir tengsl verkanna við hinn stóra listaheim.

Kl. 17:00 **Stórleikur í knattspyrnu á Dalvíkurvelli.** Dalvík/Reynir keppir við Njarðvík í 2. deild. Stuðningsmannafélagið Brúinn grillar pylsur fyrir áhorfendur.

Kl. 19:30 **Skemmtidagskrá í íþróttamiðstöðinni/sundlaug. Einar Einstaki töframaður** skemmtir og

Kl. 22:00 heimsfrægir Júrónisjónfarar úr Dalvíkurbyggð þenja raddböndin, **Matti Matt og Friðrik Ómar** í hörku stuði! Dúndrandi tónlist og fatasund fyrir þá sem vilja! Allir velkomnir - frítt inn!



GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSRÁÐ DALVÍKURBYGGÐAR
ÍÞRÓTTA-OG ÆSKULÝÐSFULLTRÚINN Í DALVÍKURBYGGÐ

